

Jólin á Íslandi



•Íslenski fáninn



Við búum í Mosfellsbæ



Mosfellsbær

- Við erum 11 ára og erum í 6. bekk í Varmárskóla
- 14 stelpur og 6 strákar.
- Kennarinn okkar er Guðlaug ósk

Varmárskóli

- Hér er vefslóðin á heimasíðuna okkar varmarskoli.is
- Mosfellbær er ekki langt frá Reykjavík,.
- Tungumálið okkar heitir Íslenska..



Jólaorðabók

Christmas vocablury icelandic-danish-english

Jól-jul-christmas

Jólasveinn-julemand-santa claus

Jólatré-juletræ-christmastree

Jólalög-julesang-christmas songs

Gleðileg jól – glædeilig jul – merry christmas

Aðventan

- Aðventukransarnir bera fjögur kerti og er kveikt á einu fyrir hvern sunnudag í aðventunni.
- Guðspjöll sunnudaganna boða komu Drottins.
- Logandi kertin merkja komu Krists og aðdragandann að henni.
- Litur aðventunnar er fjólublár.



Kertin

- Fyrsta kertið er **Spámannskertið**, sem minnir á fyrirheit spámannanna um komu frelsarans.
- Annað kertið er **Betlehemskeitið**, og heitir eftir fæðingarbae Jesús.
- Þriðja kertið er **Hirðakertið**, nefnt eftir hirðingjunum sem fyrstir fengu fregnir um fæðingu frelsarans.
- Fjórða kertið er **Englakertið**, sem minnir okkur á englana sem fluttu fréttina um fæðingu frelsarans.
- Heimildir eru um aðventukransa á Íslandi frá 1930 en þeir urðu þó ekki algengir á heimilum fyrr en á tímabilinu 1960 til 1970 (jóláhúsið <http://www.jolahusid.com/isl/adventa.htm#ljós>)

Jólin á Íslandi

- Segja má að við jólin standi í 26 daga á Íslandi.
- Við teljum frá 12 desember til jóla, þá kemur Stekkjastaur til byggða og þrettándinn er 6. janúar og þá fer síðasti jólasveinnin til fjalla hann Kertasníkir og þá kveðjum við jólin með hátið, svokallaðri þrettándagleði.

Laufabrauð



- Áður fyrr var Ísland mjög einangrað. Allt sem ekki var hægt að rækta hér þurfti að flytja hingað með skipum. Þessi skip voru lítil og illa búin á okkar tíma mælikvarða og Atlantshafið tók þeim ekki alltaf blíðlega. Yfir veturinn, meðan veður voru vond, lögðust allar samgöngur af. Vörur eins og korn, sykur, salt, tóbak og ýmislegt fleira var munaðarvara og hinir fátækari keyptu hana ekki nema til að gera sér dagamun, eins og um jólin.
- Á flestum bæjum var matarskammturinn um jólahátíðina stærri en venjulega og það þótti aumt ef ekki var borið fram brauð líka. Á fátæku heimilunum var ekki hægt að kaupa mikið af mjöli og til að fá sem flestar kökur úr deiginu þær hafðar eins þunnar og mögulega var hægt. Sums staðar var haft að orði að ef hægt væri að lesa Biblíuna gegnum kökuna væri hún nógu þunn. Til að gera þennan glaðning sem hátíðlegastan voru skornir laufaskurðir í kökurnar og þeim svo flett upp til að búa til listileg mynstur. Mynstrin voru og eru hefðbundin en í þessari list sem annarri getur persónuleg tjáning af sér ný og óvenjuleg mynstur.
- Í dag er þessi siður ómissandi hluti af jólahátíðinni hjá þeim sem halda hann og gjarnan safnast stórfjölskyldan og vinahópar saman í upphafi aðventu til að hjálpast að við laufaskurðinn og steikinguna. Og á þeim heimilum þykir lítið varið í hangikjötið ef ekki er borið fram með því laufabrauð (jólahúsið
<http://www.jolahusid.com/isl/laufa.htm>)



Smákökur

- Á flestum heimilum eru bakaðar piparkökur og auk þess allt upp í tíu tegundir af smákökum í viðbót sem flestar innihalda rúsínur, súkkulaði eða hnetur.



Þorláksmessa

- Þorláksmessa heitir eftir Þorláki biskupi sem dó í Skálholti 23. desember 1193 og er einn þriggja íslenskra dýrlinga. Þorláksmessurnar eru reyndar tvær, 23. desember, eins og áður segir og 20. júlí þótt hætt hafi verið að halda þá síðari hátíðlega eftir að siðaskipti urðu á Íslandi. Þorláksmessa hefur löngum verið síðasti undirbúningsdagur fyrir jól og alltaf mikið líf og fjör. Í gamla daga var dagurinn notaður til hreingerninga og hangikjötið soðið. Dagurinn markaði líka lok jólaföstunnar og hafa óvenjulegar matarvenjur fest við þennan dag vegna þessa og þá ekki síst í biskupsdæmi Þorláks.
- Á Vestfjörðum skapaðist sá siður að borða kæsta skötu þennan dag og hefur sá siður verið einna langlífastur íslenskra jólasíða. Á síðari árum hefur þessi hann breiðst út um landið og eru nú haldnar skötuveislur á veitingastöðum og í heimahúsum. Mikil og sterk lykt er af skötunni sem magnast þegar hún er soðin. Því stækari sem skatan er, því betri þykir hún og best ef maður tárast við að borða hana. Skatan er bæði snædd soðin og í stöppu með kartöflum, hamsatólg eða hnoðmör og stundum gefið eitt brennivínsstaup með til brjósstyrkingar. Eftir skötuveisluna er nauðsynlegt að sjóða hangikjötið í sama pottinum því það er sagt að það sé eina ráðið til að ná lyktinni úr pottinum og híbýlunum.
- Það er líka hefð fyrir því að skreyta jólatréð á Þorláksmessu (jólahúsið <http://www.jolahusid.com/isl/laki.htm>)

Jólaskraut og gjafir

- Lítið tíðkaðist að fólk gæfi hvort öðru gjafir um jólahátíðina. Þó gáfu margir húsbændur hjúum sínum eina flík og jafnvel skó en það var meira í ætt við launauppbót en jólagjöf. Samt tíðkaðist að steypa og gefa hverjum og einum kerti fyrir jólin. Fólk fékk venjulega líka stærri matarskammt til hátíðabrigða, hvort sem heimilin voru vel stað eða ekki. Þeir sem ekki gátu slátrað lambi fyrir jólahátíðina höfðu í staðinn rjúpur sem var auðvelt að veiða. Þykkur grjónagrautur með rúsínum og laufabrauðskökur töldust líka hátíðarmatur. Á flestum bæjum þótti líka sjálfsagt að hús væru þriffin og föt þvegin.
- Jólaskraut þekktist ekki á Íslandi fyrr en seint á 19. öld og þá einungis greinar skreyttar með skrautlituðum pappír. Fyrstu íslensku jólatrén voru búin til úr spýtum sem greinar eða lyng var fest á vegna þess að þá voru engin grenitré hér á landi. Jólaskraut varð ekki algengt á íslenskum heimilum fyrr en um 1940

(jólahúsið <http://www.jolahusid.com/isl/landnam.htm>)

Hangikjöt



- Hér sjáið þið hangikjöt, eða reykt lambakjöt.
- Þetta er agengur jólamatur einnir hangikjöt gott sem álegg á til dæmis flatkötur og annað brauðmeti.

(steps integration in Europe

<http://atlas.verslo.is/integration/?t=index2005&s=food>)

Íslensku jólasveinarnir

- Það er ekki vitað hvernig íslensku jólasveinarnir hafa orðið til en þeir þóttu hið mesta illþýði og rummungsþjófar og hræddu börn um landið allt. Foreldrar þeirra voru tröllin Gryla og Leppalúði og þau hirtu óþæga krakka og átu. Fjölskyldukötturinn var líka ferlegur og elti upp þá sem ekki fengu neina nýja spjör fyrir jólin og át eða nappaði maratskammti þeirra. Sögurnar af þessum tröllum og afkvæmum þeirra þóttu svo hryllilegar að yfirvöld, sem á þeim tíma voru Danir, þótti nóg um og árið 1746 var bannað með lögum að hræða börn með hótunum um heimsóknir frá þessu pakki. (jólahúsið <http://www.jolahusid.com/isl/sveinki.htm>)

jólakötturinn



- Fjölskyldukötturinn var líka ferlegur og elti upp þá sem ekki fengu neina nýja spjör fyrir jólin og át eða nappaði maratskammti þeirra.
- Enn í dag er sagt að öll börn verði að fá nýja flík fyrir jólin annars fari þau í jólaköttinn (jólahúsið

jólasveinarnir

- En sögurnar lifðu þó áfram með þjóðinni, enda sennilega jafngamlar búsetu á landinu. Í upphafi voru bræðurnir fjöldamargir og báru mismunandi nöfn eftir landshlutum. Smám saman náðu þó nokkrir meiri vinsældum en hinir og elstu skráðar heimildir um hina 13 jólasveina sem Íslendingar þekkja í dag eru frá 17. öld. Upp úr miðri 19. öld fara jólasveinarnir að mildast þótt enn loði við þá að vera þjófóttir og hrekkjóttir.

(jólalúsið <http://www.jolahusid.com/isl/sveinki.htm>)


Að setja skóinn út í glugga

- Upp úr 1930 fer að bera á þeim sið að börn setji fram skóinn sinn á hverju kvöldi nokkru fyrir jól. Þetta munu vera leifar af gjafadegi Heilags Nikulásar þann 6. desember og það voru farmenn sem báru þennan sið heim fyrst frá löndunum við Norðursjó. Siðurinn blandaðist svo sögunum um íslensku jólasveinana sem upp úr miðri öld voru orðnir svo ljúfir að þeir skildu eftir smáræði í skóm þægu barnanna. Upp úr 1970 var komin regla á þessa gjafavenju og aðfararnótt 12. desember birtast skór í öllum gluggum af því þá nótt kemur fyrsti sveinninn til byggða frá fjöllum. Síðan kemur einn hverja nótt fram til 24. desember. Svo snúa þeir aftur til fjalla í sömu röð og þeir komu, sá fyrsti fer aðfararnótt 25. desember og sá síðasti er farinn á Þrettándanum enda er það lokadagur jólanna (jólalúsið <http://www.jolahusid.com/isl/sveinki.htm>)

Jólasveinarnir koma til byggða

- Sá fyrsti kemur 13 dögum fyrir jól eða þann 12. desember og þann dag setja börnin skóinn sinn í gluggan og þægu börnin fá gjafir og óþekku börnin kartöflu.
- Og það borgar sig að fara snemma í háttinn. (mynd

<http://www.wilsonsalmannac.com/images2/jolasveinar7.jpg>)



Stekkjastaur

- Kemur til byggða 12. desember
- Stekkjarstaur kemur fyrstur jólasveinanna. Hann var sagður sjúga mjólk úr kindum en hafði staurfætur á báðum svo heldur gekk það brösulega.
- Stekkur er gamalt heiti á sérstakri fjárrétt og þaðan dregur sveinninn nafn sitt.



Giljagaur

- *Kemur til byggða 13. desember*
- *Giljagaur er annar í röð jólasveinanna. Hann faldi sig í fjósinu og fleytti froðuna ofan af mjólkurfötunum þegar enginn sá til. Í gömlum heimildum er getið um Froðusleiki og ekki er ólíklegt að þar sé sami sveinn á ferð.*



Stúfur

- Kemur til byggða 14. desember
- Stúfur er þriðji jólasveinninn í röðinni og jafnframt sá minnsti, eins og nafnið hans gefur til kynna.



Þvörusleikir

- *Þvörusleikir er fjórði jólasveinninn og kemur til byggða 15. desember.*
- *Hann er mjór eins og staur og fannst ekkert betra en að sleikja þvöruna sem notuð var til að hræra í pottum*

(Mynd

<http://www.it.is/utlit/pages/frettamynd.phtml?id=159&path=holly.it.is>)



Pottaskefill

- Pottaskefill er sá fimmti í röðinni og kemur til byggða 16. desember.
- Tekur óhreina potta úr eldhúsinu og skefur þá með fingrunum og eftir þessa meðferð þurfa þeir engan þvott.

(Mynd

<http://www.jolahusid.com/images/pottaskefill.jpg>)



Askasleikir

- Askasleikir er jólasveinn númer sex í röðinni og kemur til byggða 17. desember.
- Fyrr á öldum, þegar fólk borðaði úr öskum, faldi hann sig gjarnan undir rúmum.
- Þegar askarnir voru lagðir fyrir hunda og ketti til að leyfa þeim að sleikja, varð Askasleikir fyrri til, krækti í þá og hreinsaði innan úr þeim.



Hurðaskellir

- *Hurðaskellir* er sá sjöundi og kemur til byggða 18. desember. Honum finnst ekkert skemmtilegra en að skella hurðum og skellir hverri hurð sem hann opnar kröftuglega.



Skýrgámur

- *Skýrgámur* er sá áttundi og kemur til byggða 19. desember.
- Stór karl sem elskar skyr.



Bjúgnakrækir

- *Bjúgnakrækir* er sá níundi og kemur til byggða 20 desember.
- Hann er duglegur að klifra og elskar bjúgu, og þá helst hrossabjúgu og fær aldrei nóg.



Gluggagægir

- *Gluggagægir* er tíundi jólasveinninn og kemur til byggða 21. desember.
- Hann gægist inn um hvern glugga sem hann sér.

(mynd:


<http://www.klappir.akureyri.is/myndir/Gluggagarir.gi>)



Gáttapefur

- 22. desember má búast við Gáttapef. Hann er með stórt nef, og honum finnst óskaplega góð laufabrauðs- og kökulyktin þegar verið er að baka fyrir jólin.
- Gáttapefur er ellefti jólasveinninn.

(mynd:<http://blog.snaefell.de/2005/12/22/gttaefur-trschlitzschnffler>)



Ketkrókur

- Kemur næst seinastur til byggða og elskar kjöt eins og nafnið segir til og því stelur hann kjöti og kjötsúpum frá þeim sem eiga og þá gefur hann börnum ekki kjöt.
- Hann hét einu sinni Reykjarsvelkur.
- Ketkrókur kemur til byggða 23. desember.



Kertasníkir

- Kertasníkir er þrettáandi jólasveinninn, sá síðasti hann kemur til byggða 24. desember á aðfangadag.
- Hann elskar kerti, honum finnst þau stundum svo falleg að hann étur þau.
- Honum finnst ljósin á kertunum svo falleg.
- Fyrir mörgum árum var hann kallaður kertasleikir, því hann sleikti alltaf kertin.
- Enginn veit hvort hann sleiki þau ennþá.



jólakort

- Margir senda jólakort fyrir jólin.
- Margir búa til sín eigin kort.
- Í kortunum er jólakveðja, árið sem er að líða er þakkað og oft eru persónulegar kveðjur einnig í kortinu.



Aðfangadagur

- Aðfangadagur 24. desember.
- Þann dag hafa margir það fyrir sið að fara í kirkjugarðinn, kveikja á kertum og setja blóm á leiði sinna nánustu.
- Einnig eru margir sem fara með jólapakkana á milli húsa á aðfangadag.



Aðfangadagskvöld

- Klukkan 18 eru jólin hringd inn og á flestum heimilum sest fjölskyldan saman og snæðir hátíðarmat og óska hver öðrum gleðilegra jóla.
- Að máltíð lokinni er hafist handa við að opna jólagjafirnar.



Tvær jólanætur

- Sagan gerist á bæ einum þar sem allt fólkið hafði farið til messu á jólanótt nema vinnukona ein sem var heima og gætti búsin. Þegar hún hafði lokið við heimilisstörfin settist hún á rúm sitt, kveikti kertaljós og fór að lesa í bók.
- Að stuttri stundu liðinni komu tvö börn inn í baðstofuna og léku sér um stund, en seinast lögðu þau hendur sínar á skaut vinnukonunnar, en hún tók þá kertið sitt og skipti því í þrjá hluta og gaf sinn þriðjung hvoru barni, en átti sjálf einn. Þá hýrnaði yfir börnunum og hlupu þau því næst glöð í burtu.
- Skömmu síðar kom maður á kjól inn í baðstofuna, hann heilsaði henni blíðlega og vildi fá hana til fylgilags með sér, en þess var engi kostur; og fór hann þá í burtu við svo búíð.
- Því næst kom inn til hennar kona, hún heilsaði henni og þakkaði fyrir börnin sín. Tók hún upp hjá sér rautt klæði og sagðist hún vilja gefa henni það fyrir börnin sín og fyrir það að hún vildi ekki þýðast manninn sem til hennar hafði komið. Því næst gekk hún í burtu.
- Þegar heimilisfólkið kom heim frá kirkju þá sá húsmóðirin pilsefnið hjá vinnukonunni og öfundaði hana mjög af því. Grófst hún vandlega eftir hvernig hún hefði fengið það, en vinnukonan vildi eigi segja frá því.
- Leið svo fram að jólum veturinn eftir að ekkert bar til tíðinda. Húsmóðirin lét allt fólk fara til kirkju, en var sjálf heima að þessu sinni. Þegar hún hafði aflokið heimastörfum sínum settist hún upp á rúm með ljós og fór að lesa í bók.
- Þá komu börnin sem fyrr og léku sér á pallinum, en þegar þau lögðu hendur á skaut henni sló hún á þær, svo börnin hlupu burtu grátandi.
- Nú kom kjólmaðurinn til hennar og heilsaði hann henni blíðlega og mæltist til þess sama við hana og við vinnukonuna. Hugsaði hún þá með sér að þessi maður hefði gefið vinnukonunni pilsefnið og varð strax við bón hans. Síðan fór hann í burtu.
- Þá kom konan til hennar og tók í hægri hönd hennar og sagði að hún mundi hafa flengt börnin sín með henni og klappað manninum sínum, og lagði hún það á hana að hún skyldi í henni aldrei jafngóð verða og fór svo burtu, en konan missti aflið úr hendinni.
- (Þjóðsagnasafn Jóns Árnasonar)

Þrettándinn

- Þjóðsögurnar herma að síðasti jólasveinninn fari heim á þrettándanum ens og sjá má í þessu vísubroti:

Svo tíndust þeir í burtu,
-það tók þá frost og snjór.

Á Þrettándanum síðasti
sveinstaulinn fór

Þrettándinn

- Á þrettándanum kveðjum við jólin.
- Viða eru þrettándabrennur, víða má sjá tröll og huldufólk við brennurnar.
- Mikið er sungið og jólin eru kvödd með miklum hátíðarhöldum.





Jólin á Íslandi

Gleðileg jól

Jóladagatal 2006
6. GÓG Varmárskóla
Mosfellsbæ

Kennari: Guðlaug Ósk Gunnarsdóttir

